

Mál nr. 365/2015**M****og****vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar sveitarfélags.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna slyss sem maður varð fyrir á skíðasvæði.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 29.9.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 14.10.2015, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 19. janúar 2014 var M að renna sér á snjóbretti á skíðasvæðinu í Hlíðarfjalli við Akureyri sem rekið er af S er hann féll fram af snjóstalli niður á troðna skíðabraut og varð fyrir meiðslum á hrygg. Á þeim hluta skíðasvæðisins þar sem slysið varð eru þrjár troðnar brautir sem liggja u.b.b. þvert á hallann á svæðinu. Ein brautin liggur efst, önnur nokkuð fyrir neðan þá efstu og loks er þriðja brautin allnokkuð fyrir neðan þá í miðið. M mun hafa rennt sér frá efstu brautinni niður ótroðna brekkuna, yfir brautina í miðið og síðan áfram niður að neðstu brautinni. Er hann kom að henni féll hann fram af stallinum með fyrrgreindum afleiðingum. Stallurinn var ómerktur, hvorki voru girðingar sem hindruðu för fram af honum eða merkingar af öðru tagi. Ekki er ljóst hversu hár hann var. M telur að hann hafi verið rúmlega 4 m hár, en af hálfu fyrirsvarsmanna skíðasvæðisins er talið að hann hafi verið 2-2,5 m á hæð. M kveður skyggni hafa verið slæmt þegar slysið varð og mikil snjóblinda.

M kveður merkingum við stallinn hafa verið áfátt og til þess megi rekja slysið. Því beri S ábyrgð á slysinu sem rekstraraðili skíðasvæðisins. Hefur hann krafist bóta úr ábyrgðartryggingu S hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt því sem fyrir liggur í gögnum málsins þykir mega slá föstu að M hafi rennt sér niður brekkuna utan merktrar og troðinnar brautar er hann kom að stalli þeim sem hann féll fram af. Í reglum um skíðaiðkun og skíðabrautir segir að öll skíðaiðkun utan merktra brauta sé alfarið á ábyrgð þeirra sem hana stunda. Ekki verður séð að vænta hafi mátt ferða fólks á skíðum eða snjóbretti þar sem M fór fram af stallinum og því hafi ekki verið nauðsyn að merkja stallinn sérstaklega. Verður því ekki talið að slys M megi rekja til atvika sem starfsmenn skíðasvæðisins beri ábyrgð á. Af því leiðir að S sem rekstraraðili svæðisins ber ekki skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M. Hann á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu S hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum ábyrgðartryggingu S hjá V.

Reykjavík, 10. nóvember 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.